

EFTIRLITSSKÝRSLA

Reykjagarður Ásmundarstöðum



Dags eftirlits	14.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Reykjagarður	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Ásmundarstaðir	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6509032180	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Huldar Ingþórsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Magnúsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins. Í eftirlitinu kom fram eitt frávik frá starfsleyfi þar sem að áætlun um endurnýtingu úrgangs liggur ekki fyrir. Einnig var tveimur ábendingum komið á framfæri er varðar tæmingu rotþróa og úrgangsskráningar.

Úrbætur vegna fráviks um viðbragðsreglur vegna umhverfisóhappa voru staðfestar í eftirlitinu og unnið er samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun vegna fráviks um leka og árekstravarnir olíutanka þar sem að áætlað er að úrbótum verði lokið í maí 2019.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Framleiðsla á árinu
2. Magn úrgangs.
3. Besta aðgengilega tækni í þauleldi.
4. Staða úrbóta vegna fráviks í eftirliti 5. júlí sl.
5. Skoðunarferð

1. Lögð voru fram gögn um framleiðslu matfugls, kjúklinga og kjöts frá stofnhænum í eftirlitinu og reyndist framleiðslan innan þess umfangs sem skilgreint er í starfsleyfinu. Þá er vel haldið utan um skráningar á framleiðslu.

2. Gámastöðin ehf. tekur á móti úrgangi frá búinu og ráðstafar til viðurkenndra móttökustaða voru reikningar afhentir í eftirlitinu þar sem fram koma magn tölur úrgangs. Jafnframt voru lögð fram gögn sem sýndu mánaðarlega ráðstöfun úrgangs frá búinu. Rætt var um áætlun um meðhöndlun og flokkun úrgangs sbr. grein 3.9 í starfsleyfinu. Slík áætlun er ekki til staðar en rekstraraðili hefur áhuga á að endurnýta meira af skít til áburðar á tún hjá bændum í nágrenninu.

3. Besta aðgengilega tækni fyrir þauleldi er skilgreind í „Best Available Techniques (BAT) Reference Document for the Intensive Rearing of Poultry or Pigs, 2017“ (BREF). Þá ber búinu að framfylgja kröfum í BAT-niðurstöðum sem skilgreindar eru í „BAT conclusions (BATC) under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council, for the intensive rearing of poultry or pigs“ sem var birt í „Official Journal of the European Union“ þann 21. febrúar 2017. Samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal endurskoða starfsleyfi m.t.t. til BAT-Niðurstöðna innan fjögurra ára frá útgáfu BAT-niðurstöðna, sem er þá í tilviki þauleldisbúa fyrir febrúar 2021. Vakin var athygli rekstraraðila á að kynna sér kröfur sem koma fram í framangreindum skjölum um bestu aðgengilegu tækni.

4. Rekstraraðili vinnur samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun vegna fráviks sem komu fram í fyrra eftirliti ársins, dags. 5. júlí sl. Búið er að skipta út þeim olíutönkum sem voru verst á sig komnir ásamt úrgangsolíutanki. Þá er búið að fjárfesta í lekavarnarbúnaði og gert ráð fyrir að framkvæmdum við lekavarnir verði lokið á vormánuðum. Olíutankur fyrir varaafstöð hefur verið fluttur inn í húsnæði þar sem að hann er varinn fyrir veðri, vindum og mögulegum árekstrum vinnutækja. Þá voru viðbragðsreglur vegna umhverfisóhappa sbr. grein 4.3 í starfsleyfinu afhentar í eftirlitinu.

5. Ekið var um búið þar sem að staðfest var að skipt hefur verið út þeim olíutönkum sem voru verst á sig komnir. Snyrtilegt var um að lítast en aðeins var þó um sýnilegan hæsnaskít í einu húsanna þar sem að hafði verið mokað út samdægurs. Í kjölfar eftirlitsins gerði rekstraraðili grein fyrir verklagsreglum við þrif eftir útmokstur sem gefa til kynna að skýrt verklag er með reglbundnum þrifum sem eftirlitsaðili telur fullnægjandi. Hæsnaskítur og dýrahæ eru geymd í lokuðum gámum. Ekki var vart við meindýr eða ólykt frá búinu þegar eftirlitið fór fram. Þá var staðfest að framkvæmdum við frárennislagnir var lokið.

Grein 3.9 í starfsleyfi

Áætlun um meðhöndlun og flokkun úrgangs sem kveðið er á um í grein 3.9 í starfsleyfi liggur ekki fyrir.

ÁBENDINGAR

Fyrirspurn um ráðstöfun seyru úr rotþróum á búinu barst Umhverfisstofnun 8. nóvember sl. Fyrirspurnin barst frá sveitarstjóra Ásahrepps þar sem að rekstraraðili Ásmundarstaða hafði upphaflega beint fyrirspurninni til sveitarstjóra. Leiðbeiningar um tæmingu rotþróa voru sendar til sveitarstjóra í kjölfarið ásamt upplýsingum um að móttökuaðili seyrunnar þyrfti að hafa starfsleyfisheimild til urðunar seyrunnar. Þá var jafnframt minnt á að þjónustaðili sem sér um tæmingu og flutning seyru úr rotþróum þyrfti að hafa starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd. Í eftirlitinu kom fram að rotþrær hafa ekki verið tæmdar þar sem að ekki hefur fengist botn í þetta mál. Mikilvægt er að finna lausn á þessu máli sem fyrst svo rotþrær yfiryllist ekki.

Nokkuð vel er haldið utan um skráningar á ráðstöfun úrgangs frá búinu en til bóta væri að áætla eða vigta þyngd hvers úrgangsfarms til að unnt sé að meta magnið í samræmi við umfangið sem er skilgreint í starfsleyfinu.

ANNAD

Rekstraraðili upplýsti um áhuga á að auka við endurnýtingu úrgangs til áburðar á tún hjá bændum í nágrenninu. Rekstraraðila var bent á að slík ráðstöfun þyrfti að samræmast ákvæðum í starfsleyfinu, eða sækja um breytingu á núgildandi starfsleyfi. Jafnframt var rekstraraðila bent á að undanþága frá starfsleyfi væri á valdi umhverfis og auðlindaráðuneytisins.

Rekstraraðili afhenti eftirlitsmönnum handbók um kjúklingaeldi sem gefið er út af Aviagen sem framleiðir ROSS stofnegg sem kjúklingabúið að Reykjagarði elur kjúklinga sína af.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.01.2019


Halla Einarsdóttir

